

Kæru félagar. Halldór Gunnar Victorsson heiti ég og býð mig fram til formanns Sprettis.



Mig langar að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á félaginu okkar . Mikið og gott starf hefur verið unnið og því eru spennandi tímar framundan. Ég starfa hjá Ásbirni Ólafssyni sem sölumaður í dag. Hef áður starfað sem smiður hjá Byggingafélagi Gylfa og Gunnars og í verslun Líflands sem Verslunarstjóri í 5 ár.

Byrjaði mína hestamennsku sem unglingur í Gusti með minni fjölskyldu, og alla tíð verið í hestamannafélaginu Sprett frá stofnun 2012. Hef verið starfandi alþjóðlegur dómari í hestamennsku frá 1996. Hef verið formaður Hidi í mörg ár. Við fjölskyldan eigum hesthús við Markarveg.

Hestamennskan er frábært fjölskyldusport og þurfum við í Spretti að halda áfram að nýta okkur möguleikana sem að við höfum. Að mínu mati skiptir allra mestu máli að talað sé um okkar hestamennsku sem hestaíþrótt. Þetta er í raun lykillinn í öllum samskiptum við bæjarfélögin.

Áherslumál

1. Varðveita fjárhagslegan stöðuleika félagsins
2. Æskulýðsstarf félagsins lykilatriði
3. Fá félagsmenn í lið með okkur.
4. Varðveita og bæta reiðleiðir félagsmanna.

Með mína reynslu vona ég að geta stutt félagið áfram til góðra verka í hlutverki formanns Sprettis. Í félaginu er mikil reynsla, og ef að við erum samtaka getum við gert ótrúlega flotta hluti fyrir félagið okkar sem að við brennum öll fyrir

Því óska ég eftir stuðningi ykkar til að leiða Hestamannafélagið Sprett áfram.

Kveðja

Halldór Gunnar Victorsson